

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Borgarbyggð.

Þjónustusvæði ferðamanna við Langjökul, óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Byggðarráð Borgarbyggðar í umboði sveitarstjórnar samþykkir tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir þjónustusvæði ferðamanna á Langjökli. Tillagan er sett fram í greinargerð og í uppdrætti dags. 6. júní 2019. Breytingin felur eingöngu í sér breytingu á uppdrætti á þjónustusvæði við Geitland. Byggingarreiturinn er færður 25 m til vesturs og 8 m til norðurs. Ekki verða gerðar breytingar á skilmálum á svæðinu. Samhliða breytingunni verða núverandi hús sem byggð hafa verið frá því að skipulagið tók gildi, færð inn á skipulagið. Fyrirhuguð breyting er í samræmi við aðal-skipulag Borgarbyggðar 2010-2022. Umhverfisstofnun og landeigendur gera ekki athugasemd við fyrrgreinda breytingu. Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Borgarnesi, 26. ágúst 2019.

Gunnlaugur A. Júlíusson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 10. september 2019